

Mál nr. 529/2012

M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar létta bifhjólsins A
og
vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á Glerárgötu á Akureyri við gatnamót Grænugötu þann 29.9.2012.**Gögn.**

22. Málskot, móttakið 28.11.2012, ásamt fylgigögnum.
23. Bréf Y, dags. 20.12.2012.
24. Bréf X, dags 14.1.2013.

Málsatvik.

Létta bifhjólinu A var ekið suður Glerárgötu og hugðist stjórnandi þess beygja til vinstri áleiðis vestur Grænugötu. Rakst þá bifreiðin B aftan A. Áreksturinn varð á vinstri akrein Glerárgötu.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið eftir Glerárgötu á vinstri akrein og verið að hægja á sér til að beygja. Hann hafi verið með stefnumerki. Þá hafi B verið ekið aftan á A.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið eftir vinstri akrein Glerárgötu á lítið eitt meiri hraða en umferðin á hægri akrein. Rétt áður en komið var að gatnamótum Grænugötu hafi A verið sveigt yfir á vinstri akrein án þess að stjórnandi þess hafi gefið stefnuljós og án þess að hafa lítið aftur fyrir sig. Um leið hafi hann hemlað snögglega. Kvaðst ökumaður B hafa hemlað um leið og hann sá hvað var að gerast og hafi hann ýtt einu sinni við A sem þá hafi verið á ferð en lagðist svo á hliðina. Hemlaför eftir B hafi verið 10,7 m á lengd og hafi B stöðvað 2,2 m sunnan við enda umferðareyju sem skilur að umferð á Glerárgötu í gagnstæðar áttir.

Álit.

Ökumenn greinir verulega á um tildrög árekstrarins. Af gögnum málsins verður ekki ráðið hvort áreksturinn verði rakinn til þess að A var sveigt í veg fyrir B eða B hafi verið ekið aftan á A sem hafi verið ekið á undan B á vinstri akrein Glerárgötu. Verður því að telja ósannað samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hvor ökumanna eigi sök á árekstrinum. Samkvæmt þessu og með vísan til 89. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal hvor ökumanna bera helming sakar.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 29. janúar 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.